



GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. gr.

Af öllum fasteignum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,25 % af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum í Árnosi 2. desember 2015.

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer Tómasson sveitarstjóri